

## 52. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.03 2018, kl. 14.30

---

Mættir voru Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfadóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur Gunnar Gunnarsson fyrsti varamaður í stað Önnu Jónu Árnarnardóttur, sem boðaði forföll.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrsla oddvita

2. **Vatnajökulsþjóðgarður**, Ragna F. Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður Austursvæðis.

3. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030, drög að lýsingu á skipulagsbreytingum.**

4. **Verkefnislýsing, Svæðisskipulag Austurlands**

5. **Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps**

### 6. Bréf

a) EBÍ Brunabót dags. 21.02

b) Aðalfundarboð Ársala 21.02

c) Þjóðskrá Íslands dags. 06.02

d) Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið dags. 08.02

e) Afrit af tilnefningarbréfi Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags. 31.01

f) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 05.02

### 7. Fjárbæðnir

SSÁ

### 8. Fundargerðir

a) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 08.01 2018

b) Félagsmálanevnd 20.02 2018

c) Ársalir 31.01 og 21.02 2018

d) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 07.02 2018

e) Landbótasjóður 28.02 2017 og 14.03 2017

f) Samstarfsnefnd 16.02 2018

g) HAUST 07.02 2018

h) SvAust 29.01 2018

## 9. Önnur mál

### 1. Skýrsla oddvita

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur áhuga á samstarfi við sveitarfélag til að vinna að tilraunaverkefni til að vinna metan úr lífrænum úrgangi.

Ekki fékkst styrkur úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til að vinna með samfélagsþróunarverkefni í Fljótsdalshreppi.

Landvernd hefur gefið út og afhent sveitarfélögum (í rafrænu formi) stefnumótunar-og leiðbeiningarrit sem ber nafnið *Virkjun vindorku á Íslandi*.

Oddviti sat fund um CINE verkefnið á Skriðuklaustri 7. febrúar. Um miðjan mars er fyrirhuguð ráðstefna á vegum verkefnisins í Reykjavík og Fljótsdal.

Oddviti, Anna Jóna og Lárus hittu þingmenn kjördæmisins á fundi 12. febrúar. Til umræðu var m.a. vandi sauðfjárbænda, lækkun fjarframlaga til skógræktar, kolefnisbinding með skógrækt, eigendastefna bújarða í ríkiseign o.fl.

Vinumálastofnun býður starfsþjálfunarstyrki með ráðningu starfsmanna sem verið hafa þrjá mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá.

Verið er að ganga frá uppgjöri sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016. Ekki eru kröfur á hendur Fljótsdalshreppi vegna uppgjörsins.

Austurbrú hefur óskað eftir tilnefningum til stjórnarkjörs Austurbrúar ses. Sveitarfélög innan raða SSA hafa þrjá fulltrúa í stjórn og hefur það vinnulag skapast að einstök sveitarfélög tilnefna ekki fulltrúa sem stofnaðilar Austurbrúar.

Fljótsdalshérað, Fjarðabyggð og Fljótsdalshreppur hafa samþykkt að ganga til samninga við Hleðslu um kaup og rekstur rafhleðslustöðva og gert er ráð fyrir að einhver styrkur komi úr Orkuskiptaverkefni sem Austurbrú fer fyrir.

Oddviti sat fund um húsnæðisáætlun Austurlands á Egilsstöðum 6. febrúar. Þar varð niðurstaðan að sveitarfélög á svæðinu ljúki og kosti gerð áætlana fyrir sín sveitarfélög og stefnt að því að þeirri vinnu ljúki í mars –apríl. Að því loknu hefjist vinna við sameiginlega húsnæðisáætlun fyrir Austurland og verði sú vinna fjármögnuð með framlagi úr Sóknaráætlunarsjóði.

Oddviti sat fund um *Áfangastaðinn Austurland* á Skriðuklaustri 26. febrúar, fjallað var um innleiðingu verkefnisins og áframhald.

*Ragna Fanney mætti til fundar kl. 13:50*

### 2. Vatnajökulspjóðgarður

Ragna lagði fram skýrslu sem Snæfellsstofa hefur tekið saman og unnin er með hliðsjón af samstarfssamningi við Fljótsdalshrepp um landvörslu á Hengifossvæðinu. Daglegt

eftirlit var frá 22. júní til 14. ágúst. Lesið af teljara, týnt rusl og fylgst með ágangi á svæðinu. Landverðir söfnuðu upplýsingum í skoðanakönnun hjá ferðamönnum og veittu þeim upplýsingar. Þá voru farnar 6 fræðslugöngur. Á tímabilinu júní, júlí, ágúst og september gengu samkvæmt talningarmæli 67.739 einstaklingar áleiðis, eða að Hengifossi. Aukning borið saman við sama tímabil 2016 er rúmlega 34 % og ef horft er á fjölgun frá 2013 er hún 160%. 2 slys eru skráð, annað minniháttar, en í hinu var kölluð til björgunarsveit sem bar slasaðan einstakling niður úr Hengifossgilinu og svo fluttur með sjúkrabíl undir læknishendur. Margt fróðlegt kemur fram í skýrslunni um gestakomur og ferðavenjur ferðamanna.

Sveitarstjórn og stjórnendur Snæfellsstofu eru sammála um að samstarfið sé mikilvægt svæðinu og full ástæða til að halda því áfram, náttúrunnar og öryggis vegna. Launakostnaður við landvörsluna hefur aukist og þörf á meira fjármagni í samstarfið, eigi það að halda áfram áfram á svipuðum grunni. Sveitarstjórn samþykkir að hækka fjárframlag til samnings við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu við Hengifoss fyrir árið 2018 um 200 þús. og samningur muni þá hljóða þá upp á 600 þús. Viðauki verður gerður við fjárhagsáætlun, rúmist aukningin ekki innan áætlunar. Oddvita falið að ganga frá samningnum fyrir hönd sveitarfélagsins.

*Rögnu Fanneyju þökkun koman og yfirgaf hún fund kl. 14.50*

3. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030, drög að lýsingu á skipulagsbreytingum.** Breytingarnar lúta að 3-4 nýjum námum vegna fyrirhugaðrar Kröflulínu 3. Drögin kynnt og vísað til umfjöllunar hjá Byggingar-og skipulagsnefnd.
4. **Verkefnislýsing, Svæðisskipulag Austurlands.** Kynnt og vísað til umfjöllunar í Byggingar-og skipulagsnefnd.
5. **Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps.** Stefnt er að vinnu við húsnæðisáætlun í mars og samþykkt að semja við Hermann Ottósson (Skýra sýn ehf) um vinnu við áætlunina, á grundvelli tilboðs.
6. **Bréf.**
  - a) EBÍ Brunabót dags. 21.02. Umsóknarfrestur í styrktarsjóð EBÍ er til aprílloka.
  - b) Aðalfundarboð Ársala 21.02. Aðalfundur verður 8. mars kl 14.30 í Lyngási 12 Eg. Samþykkt að oddviti fari með umboð sveitarfélagsins.
  - c) Þjóðskrá Íslands 06.02. Þjóðskrá Íslands tilkynnir um breytingar á skráningu námsmanna á Norðurlöndunum á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar. Breytingar felast í því að umræddir námsmenn þurfa nú að sækja um það rafrænt til Þjóðskrár Íslands að vera teknir á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosninga. Kynnt.
  - d) Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið dags. 08.02. Nefnd sem er að störfum vantar upplýsingar um þörf fyrir þrífasa rafmagn. Í Fljótsdalshreppi hafa heimili og fyrirtæki aðgang að þriggja fasa kerfi. Kynnt, oddviti mun svara erindinu.

- e) Afrit af tilnefningarbréfi Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags. 31.01. Kynnt. Varðar tilnefningu Lárusar Heiðarsson sem varafulltrúa til fjögurra ára , í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs austursvæði.
- f) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 05.02. Kynnt. Varðar viljayfirlýsingu Sambandsins um aðgerðir gegn einelti og kynferðislegu áreitni. Stjórn hvetur sveitarfélög til að skilyrða fjárveitingar til íþróttfélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Á vettvangi ÚÍA hefur verið umræða um þessi mál og hefur ÚÍA komið því á framfæri við sveitarfélög að á vegum ráðherra menntamála hafi verið skipaður starfshópur og von sé á tillögum að reglum , áætlunum og stefnum sem íþróttfélög geta tekið upp og er vonast til að í kjölfar þeirrar vinnu verði hægt að vinna vera með samræmd og fagleg viðbrögð.

## 7. Fjárbæðnir.

SÁÁ. Samþykkt að veita styrk til starfseminnar að upphæð kr. 8.000,-

## 8. Fundargerðir

- a) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 08.01 2018 Kynnt. Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af stöðu fjallskila í sveitarfélaginu. Óásættanlegt er að hátt í 200 kindum hafi þurft að smala eftir áramót. Ljóst er að endurskoða þarf skipulag fjallskila og reglur. Sveitarstjórn felur oddvita að að óska eftir við stjórn SSA , að í samstarfi við Búnaðarsamband Austurlands verði sett af stað vinna við endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna. Héraðsnevnd Múlasýslna sem stóð að gerð síðustu samþykktar sem staðfest var 2006, starfar ekki lengur og enginn annar sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna á Austurlandi betur til þess fallinn en SSA , að taka málið áfram.
- b) Félagsmálanefnd 20.02 2018. Kynnt.
- c) Ársalir 31.01 og 21.02 2018. Kynnt.
- d) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 07.02 2018. Kynnt.
- e) Landbótasjóður 28.02 2017 og 14.03 2017. Kynntar.
- f) Samstarfsnevnd 16.02 2018. Fundargerð kynnt. Samþykkt að fram fari skoðanakönnun meðal íbúa Fljótsdalshrepps 18 ára og eldri, til þess að kann hug þeirra til sameininga/samstarfs við önnur sveitarfélög á Austurlandi. Einnig verður spurt um áhuga á sveitarstjórnarmálum.
- g) HAUST 07.02 2018. Kynnt.
- h) SvAust 29.01 2018. Nú er ljóst að tvö sveitarfélög á svæðinu verða ekki með í verkefninu, Fljótsdalshreppur samþykkti 15. des sl. að taka þátt. Fyrir liggja drög að samningi um almenningsamgöngur á Austurlandi til eins árs. Kostnaðarþátttaka

Fljótsdalshrepps vegna verkefnisins áætluð kr. 29.238-. Samþykkt og oddvita falið að rita undir samninginn.

#### 9. Önnur mál.

- a) Sveitarstjórn er boðið til kynningarfundar um tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO . Fundurinn verður haldinn á Egilsstöðum 15. mars kl 09.00, Lyngási 12.
- b) Raddir , samtök um vandaðan upplestur og framsögn bjóða til lokahátíðar Stóru upplestrarkeppninnar , í Egilsstaðaskóla 8. mars, kl. 16.30
- c) Formaður Landbótasjóðs afhenti eintak af undirrituðum ársreikningi Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps fyrir árið 2017.
- d) Vegna forfalla gat oddviti að þessu sinni ekki setið aðalfund húsfélags Miðvangs 6, 14. febrúar, en ársreikningur og fjárhagsáætlun voru send Fljótsdalshreppi.
- e) SSA hefur boðað framkvæmdastjóra þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga fulltrúa í stjórn SSA , til fundar með stjórn SSA og Samgönguráði á Egilsstöðum 8. mars . Oddviti mun sitja fundinn fyrir hönd Fljótsdalshrepps.
- f) Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningasögulegum minjum hefur verið lögð fram til kynningar og umræðu. Um er að ræða 12 ára landsáætlun og þriggja ára verkefnaáætlun. Hengifoss er einn af stöðum sem tilgreindir eru í áætluninni og fagnar sveitarstjórn að svo sé.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.35

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)